

Skýrsla stjórnar starfsárið 2010 - 2011

1. Inngangur

Í þessari skýrslu eru tekin saman helstu atriði sem varða starf stjórnar og félagsstarf Félags landnema á Fellsmörk starfsárið 2010 – 2011.

Skýrslan er tekin saman af Hannesi Siggasyni fráfarandi formanni félagsins.

2. Starf stjórnar

2.1 Almenn

Á aðalfundi 26. apríl 2010 var Hannes Siggason endurkjörinn formaður.

Á sama fundi voru eftirtaldir landnemar kjörnir í stjórn:

Fulltrúi Heiðarbrautar: Sigurlaug Guðmundsdóttir

Fulltrúi Gilbrautar: Sveinn Baldursson

Fulltrúi Hólsbrautar: Valdimar Reynisson

Fulltrúi Dalbrautar: Hjalti Elíasson að beiðni eina landnema brautarinnar Jóns Þórs Högnasonar sem ekki óskaði eftir að sitja í stjórn.

Fulltrúi Keldudals: Guðrún S. Ólafsdóttir

Fulltrúi Hlíðarbrautar: Einar Ragnar Sigurðsson

Fulltrúi Króks: Hannes Siggason

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Guðrún S. Ólafsdóttir, gjaldkeri

Sigurlaug Guðmundsdóttir, ritari

Sveinn Baldursson, meðstjórnandi

Valdimar Reynisson, meðstjórnandi

Einar Ragnar Sigurðsson, meðstjórnandi

Hjalti Elíasson, meðstjórnandi

Fundir félagsins:

Stjórnarfundir voru sjö á liðnu starfsári. Mæting á stjórnarfundi var almennt góð.

Haldinn var fræðslufundur í nóvember 2010. Mæting var í slakari kantinum.

Stjórnarmenn skiptust á að hýsa fundi stjórnar eins og verið hefur undanfarin ár.

Allir stjórnarmenn hafa verið boðaðir á fundi stjórnar, ekki hefur verið um sérstaka fundi framkvæmdarstjórnar að ræða eins og reyndar er kveðið á um í félagslögum.

2.2 Áherslumál stjórnar 2010 – 2011 – Meginverkefni

Helstu verkefni stjórnarinnar hafa verið eftirfarandi:

1. Hagsmunamál landnema gagnvart SR

Endurgreiðsla árgjalda vegna samgönguleysis:

Í byrjun vetrar féllst stjórn SR á að endurgreiða leigugjald ársins 2010 þeim landnemunum sem ekki geta ekið að spildum sínum vegna þess að vegslóðar sópuðust í burtu í flóðum haustið 2009.

Varanlegir vegslóðar:

Hvorki hefur gengið né rekið í gerð nýrra vegslóða eins og SR hafði boðað vorið 2010. Eins og þið kannski munið þá tók stjórn landnemafélagsins veturinn 2009 – 2010 saman skýrslu um ástand vega og girðinga og sendi til stjórnar SR vorið 2010. Tilgangur skýrslunnar var að taka saman hvernig staða mála er á Fellsmörkinni vegna nefndra flóða. Jafnframt er gerð grein fyrir öðrum brýnum verkefnum sem leigusali þarf að vinna. Nú mun málið stranda á því að skipulagsyfirvöld – þ.e. sveitarstjórn Mýrdalshrepps kallar eftir endurgerð á deiliskipulagi fyrir Fellsmörkina og hvorki SR sem leigjandi né Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið sem landeigandi vilja koma að því máli. Án uppfærðs deiliskipulags fæst ekki framkvæmdaleyfi fyrir nýjum vegslóðum.

Nýir leigusamningar milli landnema og SR:

Þetta verkefni hefur legið niðri s.l. starfsár eins og árið þar á undan. Starfsárið 2008 – 2009 gerði stjórn landnemafélagsins tillögu að nýjum leigusamningi og afhenti hann formanni SR til yfirfeðar. Ástæðan fyrir því að ekkert gerist í þessu máli mun vera sú, að Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur óskað eftir því við SR að leigusamningurinn milli þessara aðila frá árinu 1988 verði endurskoðaður. Ekki virðist vera að vænta viðbragða við tilögu okkar að nýjum leigusamningi milli landnema og SR fyrr en landeigandinn og SR hafa útkljáð sín mál.

Fulltrúi Félags landnema á Fellsmörk í stjórn SR

Á aðalfundi Skógræktarfélag Rvk (SR) 13. apríl 2011 var Hjalti Elíasson endurkjörinn til setu í stjórn SR sem fulltrúi Félags landnema á Fellsmörk. Fulltrúi okkar í stjórn SR kemur okkar málum inn í stjórnina og flytur okkur reglulegar fréttir af störfum stjórnar SR.

2. Hagsmunamál gagnvart öðrum en SR

Rafvæðing Fellsmerkur

Lausleg kostnaðaráætlun fékkst loks frá RARIK varðandi kostnað við rafvæðingu Fellsmerkur. Skv. þeim upplýsingum sem bárust yrði

kostnaðurinn á bilinu 350.000 kr. til 500.000 kr. pr. lóð – fer eftir fjölda þeirra sem óska eftir að vera með í verkefninu.

3. Landgræðsluskógaverkefnið á Fellsmörk

Eins og kunnugt er varð að aflýsa gróðursetningardeginum á síðasta ári og þar með að afþakka plöntur úr Landgræðsluskógaverkefninu. Ástæðan var m.a. mikil aska á svæðinu. Sótt hefur verið um hefðbundinn plöntuskammt fyrir komandi sumar. Fyrirhugað er að gróðursetningardagur verði með hefðbundnu sniði – en ekki er víst að svo geti orðið. Ástæðan er m.a. að illfært er að Keldudal – en þar höfum við geymt plönturnar. Einnig spilar samgönguleysið á svæðinu inn í og einnig má búast við óþægindum af ösku á svæðinu ef vind hreyfir.

4. Fræðslumál félagsmanna

Félagið stóð fyrir fræðslufundi í nóv. s.l. þar sem Herdís Friðriksdóttir skógræðingur fræddi okkur um landgræðsluverkefni Orkuveitu Reykjavíkur á Hellisheiði. Ráðgert er að næsti fræðslufundur verði í janúar 2012 í stað nóvember 2011.

5. Heimasíðan

Heimasíðan okkar var með sama sniði og undanfarin ár. Umsjónarmaður hennar var eins og áður Einar Ragnar Sigurðsson.

3. Landnemastarfið

Setin lönd:

Fjöldi setinna landa á Fellsmörk er óbreyttur – þ.e. 37 talsins.

Ósetin lönd:

Ósetin lönd á Fellsmörk eru 28 talsins.

Fjöldi virkra landnema:

Fjöldi virkra landnema telst vera 59

Fjöldi sumarhúsa:

Fjöldi sumarhúsa á Fellsmörk er orðinn 16. Sami fjöldi og á síðasta ári.

Fjöldi vinnuskúra:

Fjöldi vinnuskúra á Fellsmörk er 3. Sami fjöldi og á síðasta ári.

Fjöldi félagsmanna:

Fjöldi félaga í Félagi landnema á Fellsmörk 62. Fækkað hefur um 3 á árinu

4. Niðurlag

Á þessu ári er 22 ár liðið síðan fyrstu landnemarnir hófu landnám á Fellsmörk.

Í fyrra kom fram í skýrslu stjórnar: „Aldrei fyrr hafa landnemar staðið frammi fyrir jafn mikilli óvissu varðandi starfið og á liðnu starfsári.“ Þessi orð eiga ennþá við. Í skýrslu stjórnar SR sem flutt var á aðalfundi 13. apríl s.l gætir ekki mikillar bjartsýni – sérstaklega ekki hvað varðar málefni Fellsmerkur.

Á liðnu starfsári hef ég stundum spurt mig þeirrar spurningar – hvað verður eiginlega um Fellsmörkina? Tómlæti SR gagnvart okkur landnemunum er nánast algert. Lítil sem engin viðbrögð eru við málaumleitunum Landnemafélagsins. Í besta falli fáum við munnleg svör sem gjarnan innihalda útúrsnúninga. Engum erindum er svarað með formlegum hætti. Raunverulegur áhugi ráðamanna SR á skógrækt á Fellsmörk og á málefnum landnema – verður því að teljast hverfandi.

Þeim aðilum sem starfað hafa með mér í stjórn s.l. ár þakka ég gott og traust samstarf.

Kópavogi 25. apríl 2011

Hannes Siggason
fráfarandi formaður Félags landnema á Fellsmörk